



Þing Fimleikasambands Íslands

Haldið á Reykjum í Hrótafirði
21. maí 2023

1 Þingsetning og staðfesting lögmætis þingsins.

1.1 Þingsetning

Formaður Fimleikasambands Íslands, Sigurbjörg Fjölnisdóttir opnaði þingið.

2 Kjör þingforseta, þingritara og þriggja manna kjörbréfanefndar.

2.1 Kjör fundarstjóra og fundarritara

Sigurbjörg Fjölnisdóttir leggur til að Valdimar Leó Friðriksson verði Þingforseti, Fanney Magnúsdóttir og Íris Mist Magnúsdóttir þingritarar og að kjörbréfanefnd verði skipuð Írisi Svavarsdóttur, Hlín Benediktsdóttur og Ólöfu Línberg.

2.2 Staðfest lögmæti fundarins

Þingforseti staðfestir að þingið sé lögmætt og boðað hafi verið til þess með löglegum hætti með tveimur fundarboðum og á réttum tíma.

Engar athugasemdir gerðar varðandi fundarboðið og þingið því lýst lögmætt.

2.3 Kosning kjörbréfanefndar - athugað kjörgengi fundarmanna

Í kjörbréfanefnd eru kjörnir: Írisi Svavarsdóttir, Hlín Benediktsdóttir og Ólöf Línberg.

3 Afhending kjörbréfa. Kjörbréfanefnd hefur störf.

Í lögum sambandsins er gert ráð fyrir því að einungis þau félög hafi kosningarrétt sem eru skuldlaus, miðað við 31. desember árið á undan. Þingforseti afhendir kjörbréfanefnd kjörbréf frá 9 fimleikadeilum/félögum og nefndin hefur störf.

4 Formaður leggur fram skýrslu stjórnar og fastanefnda.

Sigurbjörg Fjölnisdóttir formaður Fimleikasambandsins ávarpar þingið og felur Sólveigu Jónsdóttur að fara yfir skýrslu stjórnar:

4.1 Skýrsla stjórnar

Sólveig Jónsdóttir, framkvæmdastjóri, fór yfir skýrslu stjórnar og gerði þannig grein fyrir störfum Fimleikasambandsins síðastliðið ár. Hún vísar í framlagða ársskýrslu FSÍ.

Skýrslur nefnda er að finna á heimasíðunni, en úrdrátt úr þeim er einnig að finna í skýrslu stjórnar, sama á við um skýrslur landsliðsþjálfara bæði í áhaldafimleikum og hópfimleikum.

4.2 Tækninefnd kvenna

Auður Ólafsdóttir, formaður tækninefndar í áhaldafimleikum.

Aðrir nefndarmenn: Hildur Ketilsdóttir, Ragna Pýrí Ragnarsdóttir, Sandra Matthíasdóttir og Þorbjörg Gísladóttir.

4.3 Tækninefnd karla

Sigurður Hrafn Pétursson, formaður tækninefndar karla í áhaldafimleikum.

Aðrir nefndarmenn: Daði Snær Pálsson, Eva Hrund Gunnarsdóttir og Hróbjartur Pálmar Hilmarsson.

4.4 Tækninefnd í hópimleikum

Þórdís Þöll Þráinsdóttir, formaður tækninefndar í hópimleikum.

Aðrir nefndarmenn: Emma Líf Jónsdóttir, Erika Dorielle Sigurðardóttir, Halla Steingrímisdóttir, Kristinn Þór Guðlaugsson, Ragnar Magnús Þorsteinsson og Una Brá Jónsdóttir.

4.5 Nefnd um fimleika fyrir alla – umfjöllun á glærum

Rakel Másdóttir, formaður nefndar um fimleika fyrir alla.

Aðrir nefndarmenn: Fríða Rún Þórðardóttir, Jórunn Dóra Sigurjónsdóttir og Anna Hulda Ingadóttir.

4.6 Landsliðspjálfarar

Hópfimleikar:

Björn Björnsson og Hrefna Þorbjörg Hákonardóttir

Áhaldafimleikar:

Ferrenc Kováts og Róbert Kristmannsson

4.7 Fræðslukerfi – umfjöllun á glærum

4.8 Stjórn FSÍ

Framkvæmdastjóri kynnir stjórnina en ásamt Sigurbjörgu formanni sátu í stjórn; Magnús Heimir Jónasson, Axel Þór Eysteinnsson, Halldóra Sigr. Guðvarðardóttir, Marta Kristín Sigurjónsdóttir, Jarþrúður Hanna Jóhannsdóttir og Þór Ólafsson og þakkar þeim fyrir gott samstarf á starfsárinu.

Þingforseti býður Evu Hrund Gunnarsdóttur, fjármálastjóra, í pontu til að fjalla um reikninga sambandsins.

5 Áritaðir reikningar sambandsins lagðir fram og skýrðir.

5.1 Reikningur sambandsins lagðir fram (með álitum skoðunarmanna)

Eva Hrund Gunnarsdóttir, fer yfir reikninga sambandsins. Sjá má reikninga í ársskýrslunni.

6 Álit kjörbréfanefndar borið undir atkvæði.

6.1 Formaður kjörbréfanefndar gerir grein fyrir fjölda þingfulltrúa

Formaður kjörbréfanefndar gerir grein fyrir störfum nefndarinnar en samkvæmt lögum FSÍ eiga 20 fimleikadeildir/félög rétt til að senda inn kjörbréf með samtals 140 fulltrúum. Við nafnakall voru 25 þingfulltrúar mættir, þingfulltrúar þurfa að vera á staðnum til að geta greitt atkvæði.

Þingfulltrúar voru mættir frá eftirtöldum félögum:

Akureyri – 2	Gerpla – 8	ÍR –
Ármann – 2	Gróttta – 3	Keflavík –
Björk – 3	Höttur – 2	Selfoss –
Fjöltnir – 2	ÍBV/Rán –	Stjarnan –1
Þór – 2		

Samþykkt að þeir sem eru á staðnum viti hverjir eru með atkvæðisrétt og treysti hver öðrum. Kjörbréf afgreidd. Kjörbréf samþykkt samhljóða.

7 Umræða um skýrslu stjórnar, skýrslur nefnda og ársreikninga

Olga Bjarnadóttir, framkvæmdastjóri Gerplu, kvaddi sér hljóðs.

Íris Svavarsdóttir, rekstrarstjóri Fjöltnis, kvaddi sér hljóðs.

Ávarp Gesta

Olga Bjarnadóttir, 2. varaforseti ÍSÍ, flytur kveðjur fyrir hönd ÍSÍ og þakkar samstarf við sambandið.

Jóhann Steinar Ingimundarson, formaður UMFÍ, stígur í pontu.

Kristján Erlendsson, fyrrverandi formaður FSÍ kveður sér hljóðs.



8. Skýrsla stjórnar og reikningar bornir undir atkvæði.

8.1 Reikningar bornir undir atkvæði

Skýrsla stjórnar samþykkt

Samþykkt með öllum greiddum atkvæðum.

Reikningar samþykktir

Samþykkt með öllum greiddum atkvæðum.

9. Kosning formanna starfsnefnda þingsins.

9.1 Þingforseti lagði fram tillögu um formenn starfsnefnda þingsins.

Kosning formanna starfsnefnda þingsins:

Lagt er til að eftirtaldir verði formenn starfsnefnda þingsins:

- | | | |
|----|---------------------------|---------------------------|
| a) | Fjárhagsnefnd | Eva Hrund Gunnarsdóttir |
| b) | Mótanefnd- og afreksnefnd | Edda Dögg Ingibergsdóttir |
| c) | Laganefnd | Sigurbjörg Fjölfnisdóttir |
| d) | Allsherjarnefnd | Magnús Heimir Jónasson |

Tillaga samþykkt.

10. Stjórn leggur fram tillögu að fjárhagsáætlun næsta starfsárs og vísar til fjárhagsnefndar.

Fjárhagsáætlun vísað til fjárhagsnefndar. Þingskjal 1.

11. Stjórn leggur fram tillögu að starfsáætlun næsta starfsárs og skal henni vísað til fjárhagsnefndar.

Starfsáætlun vísað til fjárhagsnefndar. Þingskjal 2.

12. Teknar fyrir tillögur sem lagðar hafa verið fyrir þingið og þeim vísað í starfsnefndir.

Þingskj	3	Tillaga frá stjórn um afreksstefnu FSÍ	Mótanefnd- og afreks
Þingskj	4	Tillaga frá stjórn FSÍ um mótahald til framtíðar	Mótanefnd- og afreks



Þingskj	5	Tillaga frá Fimleikafélaginu Björk um verðlaun	Fjárhagsnefnd
Þingskj	6	Tillaga frá Fimleikafélaginu Rán um mótahald	Mótanefnd- og afreks
Þingskj	7	Tillaga frá stjórn FSÍ um Fimleika fyrir fólk með fatlanir	Allsherjarnefnd
Þingskj	8	Tillaga frá stjórn FSÍ um siðareglur félaganna	Allsherjarnefnd
Þingskj	9	Tillaga frá stjórn FSÍ um sjálfbærnistefnu FSÍ	Allsherjarnefnd
Þingskj	10	Tillaga frá stjórn FSÍ um Sjálfbóðaliðann	Allsherjarnefnd
Þingskj	11	Tillaga frá stjórn FSÍ um breytingu á 8. gr. laga	Laganefnd
Þingskj	12	Tillaga frá stjórn FSÍ um breytingu á 9. gr. laga	Laganefnd
Þingskj	13	Tillaga frá stjórn FSÍ um breytingu á 11. gr. laga	Laganefnd
Þingskj	14	Tillaga frá stjórn FSÍ um breytingu á 14. gr. laga	Laganefnd
Þingskj	15	Tillaga frá stjórn FSÍ um breytingu á 18. gr. laga	Laganefnd
Þingskj	16	Tillaga frá stjórn FSÍ um breytingu á 26. gr. laga	Laganefnd

Hádegismatur

13. Starfsnefndir þingsins taka til starfa.

14. Formenn starfsnefnda gera grein fyrir störfum nefnda og málefni borin undir atkvæði.

Fjárhagsnefnd:

Þingskjal 1

Eva Hrund Gunnarsdóttir gerði grein fyrir þingskjali 1. Fjárhagsáætlun má finna í viðhengi 1.

Umræður:

Tillagan lögð fyrir þingið – samþykkt samhljóða.

Þingskjal 2

Eva Hrund Gunnarsdóttir gerði grein fyrir þingskjali 2. Starfsáætlun má finna í viðhengi 2.

Umræður: Breytingartillaga að leiðrétta prentvillu

Tillagan lögð fyrir þingið – samþykkt samhljóða.

Móta- og afreksnefnd:

Þingskjal nr. 3:

Tillaga frá stjórn FSÍ um afreksstefnu sambandsins.



Fimleikabing, haldið 21. maí 2023, á Reykjum í Hrútafirði, samþykkir framlagða afreksstefnu FSÍ, í fylgiskjali 1.

Greinargerð:

Afreksstefna FSÍ var til umfjöllunar á síðasta Fimleikabingi og er hér lögð fram til samþykktar sem leiðarljós í vinnu sambandsins á afrekssviði. Margvíslegir hagsmunahópar hafa komið að vinnslu stefnunnar, áherslum hennar og markmiðum.

Afreksstefna FSÍ verður í framhaldinu birt á heimasíðu sambandsins og send til afrekssviðs ÍSÍ sem gerir kröfu um samþykktu stefnu sérsambanda.

Edda Dögg Ingibergsdóttir gerði grein fyrir tillögunni. Nefndin leggur til breytingar um að setja kafla um fimleika fyrir fólk með fötlun inn í stefnuna.

Umræður:

Breytingartillagan lögð fyrir þingið – samþykkt samhljóða.

Þingskjal nr. 4.

Tillaga frá stjórn FSÍ um mótahald til framtíðar.

Fimleikabing, haldið 21. maí 2023, á Reykjum í Hrútafirði, felur FSÍ að endurskoða mótahald sambandsins til framtíðar með það að markmiði að búa til fyrirsjáanleika og að leitast við að fækka helgum sem eru undirlagðar hjá fimleikahreyfingunni í mótahald. Lagt er til að Bikarmót í áhalda- og hóp fimleikum verði sameinað í meistaraflokkum í Bikarmótsveislu í Höllinni.

Greinargerð:

Á formannafundi í upphafi tímabils var ákveðið að mótaskrá næsta tímabils verði sett fram til þriggja ára og helgarnar fyrir hvern viðburð verði festar. Undanfarin ár hefur Bikarmót í hóp fimleikum verið í beinni útsendingu á RÚV en með því að keyra þessa viðburði saman verður til tækifæri til að áhaldafimleikar verði líka í beinni útsendingu. Einnig verða ýmis samlegðar áhrif með því að halda þessi móta saman.

Edda Dögg Ingibergsdóttir gerði grein fyrir tillögunni.

Umræður:

Nefndin gerði tillögu um breytingu og taka út orðið í Höllinni, enda getur viðburðurinn farið fram í því húsnæði sem hefur burði til að hýsa mótið.

Breytingatillaga lögð fyrir þingið – samþykkt samhljóða.

Þingskjal nr. 5:

Tillögur frá Fimleikafélaginu Björk um breytingu á móta- og keppnisreglum FSÍ vegna verðlaunaafhendingar í þrepum og frjálsum æfingum – áhaldafimleika.



1. Fimleikafélagið Björk leggur til að reglur sem snúa að verðlaunaafhendingu hjá fjölda þátttakenda hjá öllum kynjum verði endurskoðuð. Tillagan okkar er að veitt séu verðlaun 1.-3. sæti í öllum aldursflokkum í 1.-3. þrepi og frjálsum æfingum á öllum áhöldum.

Rökstuðningur:

Verðlaunareglur eiga að vera skýrar óháð fjölda skráðra keppenda. Í núverandi reglum er miðað við minnst 7 keppendur í aldurshóp í 3. þrepi og 5 keppendur í 1.-2. þrepi til að aldurshópur haldi sér.

Það að fá að standa á verðlaunapalli er gríðarlegur heiður og eykur sjálfstraust keppenda og við viljum að fleiri keppendur fái að njóta þess. Við sjáum mikið brottfall keppenda á þessum aldri og hreyfingin í heild þarf að standa vörð um iðkendurna.

2. Fimleikafélagið Björk leggur til að reglur sem snúa að verðlaunaafhendingu á Prepamótum hjá 4.-5. þrepi verði endurskoðuð og öllum keppendum verði veitt þátttökuverðlaun samhliða því að verðlaun eru veitt þeim keppendum sem ná þrepi.

Rökstuðningur:

Verðlaunaafhending hjá 4.-5. þrepi hefur verið neikvæð upplifun fyrir þá sem ekki ná þeim fjölda stiga sem þarf til þess að ná þrepinu. Þeir keppendur sem ná eru mjög fáir miðað við fjölda keppenda á hverju móti og labba því keppendur sem hafa lagt allt sitt af mörkum fyrir keppni dagsins tómhentir út af mótinu óháð því hvernig frammistaða dagsins var að undanskildum stigafjölda keppenda. Við viljum að keppendur geti farið heim, stoltir af sínu dagsverki með þátttökuverðlaun og að upplifun þeirra af keppni sé jákvæð.

Edda Dögg Ingibergsdóttir gerði grein fyrir tillögnum.

Umræður: Nefndin leggur til að vísa tillögnum til stjórnar til skoðunar og umræðu sem sendir hana síðan til tækninefnda til umfjöllunar og kynna svo niðurstöðu á formannafundi í haust.

Breytingartillaga nefndarinnar lögð fyrir þingið – samþykkt samhljóða Þingskjal nr. 6.

Tillögur frá Fimleikafélaginu Rán í Vestmannaeyjum um breytingu á móta- og keppnisreglum FSÍ – hóp fimleikar.

Okkur langar til að fyrsta hóp fimleikamótið/stökkfimimótið eftir áramótin sé haldið í fyrsta lagið í byrjun mars þar sem næsta mót á eftir er síðan ekki fyrr en í lok apríl og í maí. Í fyrra voru fyrstu mótin haldin í mars en núna í ár voru þau haldin fyrstu helgina í febrúar. Þetta gerir það að verkum að landsbyggðarliðin eiga erfitt með að senda þátttakendur til keppni sökum veðurs. Verstu veðrin og lægðirnar eru að ganga yfir landið hérna í janúar og febrúar sem veldur því fyrir okkur hérna í Eyjum t.d. að Herjólfur siglir bara stundum ekki eða fer í Þorlákshöfn í mikilli ölduhæð sem er ekki boðlegt fyrir börn heldur. Auk þess sem bæði við og önnur félög erum að lenda í því að vegir eru að loka sökum snjóa og vinds. Veðrið er orðið mun betra í mars og því væri tilvalið að skoða að halda fyrsta mótið frekar þá svo allir eigi



jafnan rétt á þátttöku. Mjög leiðinlegt bæði fyrir iðkendur og þjálfara að vera búið að undirbúa fyrir mót og allir orðnir spenntir og svo er ekki hægt að fara. Þetta gerðist einmitt hérna núna í byrjun febrúar þá komumst við ekki upp á land sökum veðurs og það voru mikil vonbrigði hjá iðkendum enda allir orðnir spenntir og sumir að fara á fyrsta mótið sitt.

Dómaramál. Erfitt að verða sér úti um dómara fyrir mótin þegar það þarf að skaffa fleiri en einn dómara. Spurning hvort það sé auðveldara að mótshaldari skaffi dómara eða jafnvel FSÍ?

Yfirþjálfari kom með athugasemd eftir Íslandsmót í stökkfimi núna síðastliðna helgi (29. apríl) að þar hefði verið lið sem var að fara að keppa í hóp fimleikahlutanum en færði sig á síðustu stundu yfir í stökkfimi vegna forfalla/meiðsla. Er sanngjarnt gagnvart hinum liðunum að það sé hægt að færa sig yfir þegar lið æfir og keppir í hóp fimleikum? Þar sem stökkfimi er með mun einfaldari kröfur.

Edda Dögg Ingibergsdóttir gerði grein fyrir tillögunni.

Umræður:

Miklar umræður fóru fram um tillöguna á þinginu og hvort hægt sé að tímasetja mótin eftir mánuðum og hvort rétt sé að setja breytingartillöguna fram sem felur í sér að reyna eftir fremsta megni að taka tillit þegar í raun sé vitað að það sé erfitt að hafa engin mót í janúar-febrúar.

Þingið leggur til að þingskjalinu verði vísað frá – samþykkt.

Allsherjarnefnd:

Þingskjal nr. 7.

Tillaga frá stjórn FSÍ um Fimleika fyrir fólk með fatlanir (ParaGymnastics)

Fimleikaþing, haldið 21. maí 2023, á Reykjum í Hrótafirði, felur FSÍ að vinna að vegferð fólks með fatlanir innan fimleikahreyfingarinnar. Til þess að svo geti orðið þarf að búa til keppnisreglur og athuga með samstarf við önnur lönd til að læra af.

Greinargerð:

Alþjóðafimleikasambandið hefur lagt af stað í vinnu með það að markmiði að fimleikar verði keppnisgrein á Paralympics. Nú þegar hafa Norðurlöndin hafið vegferðina og FSÍ ætti ekki að vera eftirbátur þeirra í vinnunni.

Magnús Heimir Jónasson gerði grein fyrir tillögunni.

Umræður í nefnd:

Tillagan lögð fyrir þingið – samþykkt samhljóða.

Þingskjal nr. 8:

Tillaga frá stjórn FSÍ um siðareglur félaganna



Fimleikabing, haldið 21. maí 2023, á Reykjum í Hrútafirði, felur stjórn FSÍ að koma eftirfarandi siðareglum (án haus og merkja) á heimasíðu sambandsins, þannig að félögin í landinu geti gert þær að sínum og sett á heimasíðu síns félags.

Magnús Heimir Jónasson gerði grein fyrir tillögunni.

Umræður í nefnd:

Tillagan lögð fyrir þingið – samþykkt samhljóða.

Þingskjal nr. 9:

Tillaga frá stjórn FSÍ um sjálfbærnistefnu sambandsins.

Fimleikabing, haldið 21. maí 2023, á Reykjum í Hrútafirði, samþykkir svohljóðandi umhverfisstefnu FSÍ:

Sjálfbærnistefna FSÍ

FSÍ leitast við, með heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna að leiðarljósi, að fylgja ákvæðum alþjóðlegra samþykktu og innlendra áætlana um sjálfbæra þróun, ásamt stefnu Alþjóða ólympíunefndarinnar (IOC) um sjálfbærnimál.

FSÍ mun taka frumkvæði við að innleiða sjálfbærni í kjarnastarfsemi sína og draga úr umhverfisáhrifum, m.a. við orkunýtingu, minnkun úrgangs og umhverfisvænum samgöngum. ÍSÍ hefur einsett sér að vinna að stöðugum umbótum á eigin frammistöðu í umhverfislegu, efnahagslegu og félagslegu tilliti.

Jafnframt mun sambandið hvetja og liðsinna aðilum innan hreyfingarinnar í starfi þeirra á þessu sviði.

Greinargerð:

Sjálfbær þróun mætir þörfum nútímans án þess að skerða möguleika komandi kynslóða á að mæta þörfum sínum.

Íþróttahreyfingin er ekki undanskilin ábyrgð og verður, líkt og aðrir, að huga að sjálfbærnimálum. Alþjóðasamtök íþróttanna hafa unnið mikið starf í að undirbúa íþróttasamtök í heiminum fyrir þær breytingar sem nauðsynlegt er að íþróttahreyfingin á alþjóðavísu geri í sínu umhverfi til að mæta þeim kröfum sem lagðar eru á samfélagið í þessum efnum.

Íþróttahreyfingin á Íslandi mun geta nýtt sér þau tól og tæki sem þar bjóðast og farið í spor þeirra sem komnir eru skrefi lengra nú þegar.

ÍSÍ mun í sinni stefnu sérstaklega horfa til átta heimsmarkmiða Sameinuðu þjóðanna en þau eru: 3 – Heilsa og vellíðan, 4 – Menntun fyrir alla, 5 – Jafnrétti kynjanna, 10 – Aukinn jöfnuður, 12 – Ábyrg neysla, 13 – Verndun jarðarinnar, 16 – Friður og réttlæti og 17 – Samvinna um markmiðin.

Stjórn FSÍ er falið að vinna stefnuna nánar með tilliti til markmiðasetningar og setja þau svo fram á heimasíðu sambandsins fyrir formannafund næsta haust.



Magnús Heimir Jónasson gerði grein fyrir tillögunni.

Umræður í nefnd:

Tillagan lögð fyrir þingið – samþykkt samhljóða.

Þingskjal nr. 10:

Tillaga frá stjórn FSÍ um sjálfboðaliðann

Fimleikabing, haldið 21. maí 2023, á Reykjum í Hrótafirði, felur FSÍ að efla fræðslu og vinna verkferla um hin ýmsu verkefni sem sjálfboðaliðum eru falin innan Fimleikahreyfingarinnar og leitast þannig við að skapa jákvætt og aðlaðandi umhverfi fyrir sjálfboðaliða.

Greinargerð:

Sjálfboðaliði er sá aðili sem vinnur launalaust, að eigin frumkvæði og öðrum til hagnaðar. Fimleikasambandið hefur verið lánsamt með þann mannauð sem unnið hafa óeigngjarnt starf í áraraðir í þágu fimleika á Íslandi. Undanfarin ár hefur sjálfboðaliðum í hreyfingunni fækkað og alltaf reynist erfiðara að manna þær stöður sem manna þarf til að stór hreyfing eins og fimleikahreyfingin geti starfað.

Stjórn FSÍ er falið að birta verkferlana á heimasíðu sambandsins fyrir formannafund í haust.

Magnús Heimir Jónasson gerði grein fyrir tillögunni.

Umræður í nefnd:

Tillagan lögð fyrir þingið – samþykkt samhljóða.

Laganefnd:

Þingskjal nr. 11:

Tillaga frá stjórn FSÍ um breytingu á 8. gr. laga Fimleikasambands Íslands.

8. gr.

Réttur til setu á fimleikabingi.

Fimleikabing sitja fulltrúar frá aðildarfélögum FSÍ með málfrelsi, tillögu- og atkvæðisrétt og fer hver fulltrúi með eitt atkvæði. Kjörnir fulltrúar í stjórn FSÍ og varamenn þeirra geta ekki farið með atkvæðisrétt á þingi.

Fjöldi fulltrúa hvers íþróttabandalags eða héraðssambanda á fimleikabingi ákvarðast af tölu skráðra iðkenda aðildarfélaga/deilda miðað við fjölda iðkendaleyfa í Leyfiskerfi FSÍ þann 31. desember árið á undan, þannig að;

fyrir fyrstu 50 iðkendur koma 2 fulltrúar

1 fulltrúa fyrir hverja 50 eða brot úr 50 upp í allt að 200 iðkendur

1 fulltrúa að auki fyrir hverja 100 iðkendur þar fram yfir



Héraðssambandi eða íþróttabandalagi er heimilt að senda fulltrúa aðildarfélags/deildar sem fulltrúa á fimleikabing þótt félagið/deildin sé í skuld við FSÍ miðað við 1. september fyrir fimleikabing, en þó án atkvæðisréttar á fimleikabinginu og ber kjörbréfanefnd að ganga úr skugga um að ákvæðinu sé framfylgt.

...

Verði

8. gr.

Réttur til setu á fimleikabingi.

Fimleikabing sitja fulltrúar frá aðildarfélögum FSÍ með málfrelsi, tillögu- og atkvæðisrétt og fer hver fulltrúi með eitt atkvæði. Kjörnir fulltrúar í stjórn FSÍ og varamenn þeirra geta ekki farið með atkvæðisrétt á þingi.

Fjöldi fulltrúa hvers **íþróttahéraðs** á fimleikabingi ákvarðast af tölu skráðra iðkenda aðildarfélaga/deilda miðað við fjölda iðkendaleyfa í Leyfiskerfi FSÍ þann 31. desember árið á undan, þannig að;

fyrir fyrstu 100 iðkendum eru tveir fulltrúar
fyrir næstu 400 iðkendum eru tveir fulltrúar (101 – 500)
fyrir næstu 400 iðkendum eru þrjú fulltrúar (501 – 900)
fyrir 901 iðkendum eða fleiri eru fjórir fulltrúar (901 -)
fyrir að hafa þátttakendur í fimleikum fyrir alla fæst einn fulltrúi
fyrir að hafa þátttakendur í fimleikum fyrir fatlaða fæst einn fulltrúi

Íþróttaheruðum er heimilt að senda fulltrúa aðildarfélags/deildar sem fulltrúa á fimleikabing þótt félagið/deildin sé í skuld við FSÍ miðað við 1. september fyrir fimleikabing, en þó án atkvæðisréttar á fimleikabinginu og ber kjörbréfanefnd að ganga úr skugga um að ákvæðinu sé framfylgt.

... óbreytt

Greinargerð:

Samheiti fyrir héraðssamband og íþróttabandalag er íþróttahérað sem er núna notað af regnhlífarsamtökum íþróttahreyfingarinnar. Samheitið er hér sett inn til að FSÍ noti sama orð og önnur sérsambönd og ÍSÍ.

Fjöldi þingfulltrúa á Fimleikabingi hefur vaxið mikið undanfarin ár og hefur sýnt sig á undanförunum árum að félögin eru ekki að ná að manna þennan fjölda fulltrúa með góðu móti. Einnig er mikilvægt að jafna fjölda fulltrúa á þingið eins og hin sérsamböndin. Reiknireglan sem lögð er til í þessari breytingu, fækkar fulltrúum sem og að hún er til þess fallin að ýta undir þátttöku félaganna í verkefnum tengdum fimleikum fyrir alla.

Sigurbjörg, formaður laganefndar, gerði grein fyrir tillögunni og lagði til að orðin héraðssambönd og íþróttabandalög yrðu löguð í heild sinni í lögum sambandsins.

Umræður í nefnd:



Tillagan lögð fyrir þingið – samþykkt samhljóða.

Þingskjal nr. 12:

Tillaga frá stjórn FSÍ um breytingu á 9. gr. laga Fimleikasambands Íslands.

9. gr.

Dagskrá fimleikaþings

...

17) Önnur mál.

...

Verði

...

17) falli brott

... óbreytt en aðrir töluliði á eftir breytist í samræmi við brottfallið

Greinargerð:

Í umhverfi dagsins þar sem góðir stjórnarhættir eru hafðir að leiðarljósi, ættu þeir einnig að endurspeglar dagskrá þingsins. Ekki er hægt tryggja góða svörun á fyrirspurnum sem eru lagðar fram á staðnum, félögin hafa upp að þremur vikum fyrir þing til að senda inn allar sínar vangaveltur. Þá gefst tími til að undirbúa og taka saman greinargóð svör sem gerir alla vinnu faglegri.

Eftir sem áður er töluliður (7) óbreyttur, hann heitir ávörp gesta og undir honum geta allir sem vilja ávarpað þingið.

Sigurbjörg, formaður laganefndar, gerði grein fyrir tillögunni.

Umræður:

Tillagan lögð fyrir þingið – samþykkt samhljóða.

Þingskjal nr. 13:

Tillaga frá stjórn FSÍ um breytingu á 11. gr. laga Fimleikasambands Íslands.

11. gr.

Kosning stjórnar

...

Kosningar til embættisins formanns og stjórnar FSÍ eru skriflegar og leynilegar nema frambjóðendur séu jafnmargir og kjósa skal. Þeir sem hljóta flest atkvæði eru rétt kjörnir. Fáir fleiri en tveir einstaklingar jafnmörg atkvæði skal kjósa á ný um þá. Verði þeir enn jafnir,



ræður hlutkesti. Þingfulltrúum er ekki skylt að kjósa þann fjölda sem þarf til að fullskipa stjórn.

Verði

11. gr.

Kosning stjórnar

...

Kosningar til embættisins formanns og stjórnar FSÍ eru skriflegar og leynilegar nema frambjóðendur séu jafnmargir og kjósa skal. Þeir sem hljóta flest atkvæði eru rétt kjörnir. Fáir fleiri en tveir einstaklingar jafnmörg atkvæði skal kjósa á ný um þá. Verði þeir enn jafnir, ræður hlutkesti. Þingfulltrúum er skylt að kjósa þann fjölda sem þarf til að fullskipa stjórn.

Greinargerð:

Samkvæmt núgildandi lögum Fimleikasambands Íslands ber þingfulltrúum ekki skylda til að kjósa þann fjölda stjórnarmanna til að fullskipa stjórn. Stjórn FSÍ telur mikilvægt að í kosningum til stjórnar fylgi það öryggi að fullmönnum stjórn verði kosin. Verði breytingin samþykkt, mun hún einnig gilda fyrir 3. mgr. 12. gr. laganna, þar sem vitnað er í 3. mgr. 11. gr.

Sigurbjörg, formaður laganefndar, gerði grein fyrir tillögunni. Nefndin leggur til að tillögunni verði vísað frá.

Umræður:

Frávísun tillögunnar lögð fyrir þingið - samþykkt.

Þingskjal nr. 14:

Tillaga frá stjórn FSÍ um breytingu á 14. gr. laga Fimleikasambands Íslands.

14. gr.

Skipan stjórnar FSÍ

...

Fastanefndir FSÍ eiga rétt á að tilnefna einn fulltrúa til setu á hverjum stjórnarfundum FSÍ með málfrelsi og tillögurétt.

Verði

14. gr.

Skipan stjórnar FSÍ

...

Formenn fastanefnda FSÍ funda með stjórn í upphafi hverrar annar og eiga þeir rétt á að sitja fundi með stjórn FSÍ þegar málefni tengd viðkomandi nefnd eru rædd, með málfrelsi og tillögurétt.



Greinargerð:

Undanfarin ár hefur reynt erfiðara að manna fastanefndir sambandsins og sú sjálfboðavinna tekur mikinn tíma, sérstaklega fyrir formenn nefnda að mæta á stjórnarfundi þegar engin málefni tengd þeirra nefnd liggja fyrir. Markmiðið með breytingunni er því að tryggja samvinnu í upphafi hvernar annar á milli stjórnar og fastanefnda um leið og tryggt er að liggja málefni tengt fastanefnd fyrir stjórnarfund þá er leitað til viðkomandi nefndar með fundarboði á stjórnarfund.

Sigurbjörg, formaður laganefndar, gerði grein fyrir tillögunni.

Umræður:

Tillagan lögð fyrir þingið – samþykkt samhljóða.

Þingskjal nr. 15:

Tillaga frá stjórn FSÍ um breytingu á 18. gr. laga Fimleikasambands Íslands.

18. gr.

Fastanefndir FSÍ

Á fyrsta stjórnarfundi eftir fimleikabing skal skipa í eftirtaldar fastanefndir sambandsins.

Stjórn skal skipa:

- Fimm manna tækninefnd karla í áhaldafimleikum,
- Fimm manna tækninefnd kvenna í áhaldafimleikum,
- Fimm manna tækninefnd í hópfimleikum,
- Fimm manna fræðslu og útbreiðslunefnd,
- Fimm manna nefnd um fimleika fyrir alla,
- Þriggja manna nefnda um fjáröflunar- og markaðsmál.

... Óbreytt

Verði

18. gr.

Fastanefndir FSÍ

Á fyrsta stjórnarfundi eftir fimleikabing skal skipa í eftirtaldar fastanefndir sambandsins.

Stjórn skal skipa:

- Þriggja - fimm manna tækninefnd karla í áhaldafimleikum,
- Þriggja - fimm manna tækninefnd kvenna í áhaldafimleikum,
- Þriggja - fimm manna tækninefnd í hópfimleikum,
- Þriggja - fimm manna fræðslu og útbreiðslunefnd,
- Þriggja - fimm manna nefnd um fimleika fyrir alla,
- Þriggja manna nefnda um fjáröflunar- og markaðsmál.

... Óbreytt



Greinargerð:

Undanfarin ár hefur reynst erfiðara að manna fastanefndir sambandsins. Það er von stjórnar FSÍ að með breytingunni verði auðveldara að manna nefndir sem uppfylli þær kröfur sem settar eru fram í lögum sambandsins.

Sigurbjörg, formaður laganefndar, gerði grein fyrir tillögunni. Nefndin leggur til að orða frekar að lágmarki þriggja manna nefnd í stað þriggja til fimm manna. Svo ef fleiri en fimm vilja leggja fram starfskrafta sína í nefnd þá sé það opið.

Umræður:

Tillagan lögð fyrir þingið – samþykkt samhljóða.

Þingskjal nr. 16:

Tillaga frá stjórn FSÍ um nýja 26. gr. laga Fimleikasambands Íslands. Númer annarra greina breytist í samræmi.

26. gr. Viðurlög

Viðurlög við brotum á lögum þessum og reglugerðum FSÍ geta verið eftirfarandi gagnvart félögum. Stjórn FSÍ tekur ákvörðun um viðurlög:

- a) Áminning.
- b) Bann við þátttöku í FSÍ mót.
- c) Bann við að halda FSÍ mót.
- d) Brottvísun úr mót.
- e) Fésekt.

Viðurlög við brotum á lögum þessum og reglugerðum FSÍ geta verið eftirfarandi gagnvart einstaklingum. Stjórn FSÍ tekur ákvörðun um viðurlög:

- a) Áminning.
- b) Brottvísun.
- c) Keppnisbann.
- d) Bann frá búningsklefum og/eða keppnisvæði.
- e) Bann frá keppnisstað.
- f) Bann frá allri þátttöku í fimleikum.

Greinargerð:

Greinin er sett inn til að skerpa á þeim viðurlögum sem nú þegar er að finna í reglugerðum en betur fer á því að festa viðurlögin í lög sambandsins.

Sigurbjörg, formaður laganefndar, gerði grein fyrir tillögunni.

Umræður:

Tillagan lögð fyrir þingið – samþykkt samhljóða.

15. Kosningar

Kosinn er formaður til tveggja ára, þrír meðstjórnendur til tveggja ára, meðstjórnandi til eins árs, varamaður til tveggja ára og varamaður til eins árs. Fjögur framboð bárust í stjórn Fimleikasambandsins.

15.1 Kosning stjórnar

Formaður FSÍ til næstu tveggja ára:

Einn í framboði

Sigurbjörg Fjölvisdóttir

15.2 Kosning stjórnar

Stjórn FSÍ til næstu tveggja ára:

Axel Þór Eysteinnsson

Halldóra S. Guðvarðardóttir

Magnús Heimir Jónasson

Stjórn FSÍ til eins árs:

Dýri Kristjánsson

15.3 Kosning varastjórnar

Varamaður til tveggja ára:

Jarprúður Hanna Jóhannsdóttir

Varamaður til eins árs:

Trausti Þór Friðriksson

15.4 Kosning laganefndar

Magnús Heimir Jónasson tekur sæti í laganefnd og verður tengiliður við stjórn.



15.4 Aðrar kosningar

- a) *Val fulltrúa á Íþróttaping*
Vísað til stjórnar - Samþykkt

- b) *Skoðunarmenn reikninga*
Jochum Marth Ulriksson
Hafsteinn Þórðarson
Kjörnir til eins árs. samþykkt

- c) *Kosning þriggja fulltrúa og þriggja til vara í kjörnefnd.*
Vísað til stjórnar - Samþykkt

16. Önnur mál

Enginn fundarmanna óskaði eftir því að ávarpa þingið.

17. Ávarp formanns

Sigurbjörg Fjölisdóttir, formaður, tók til máls og þakkaði þingfulltrúum fyrir gott og starfsamt þing.

Gull starfsmerki veitt til Kristins Arasonar fyrir starf sitt í þágu fimleikahreyfingarinnar.
Silfur starfsmerki veitt til Írisar Svavarsdóttur fyrir starf sitt í þágu fimleikahreyfingarinnar.
Að því loknu sleit hún Fimleikaþingi 2023.

18. Þingslit

Þingi slitið klukkan 14: 38



Viðhengi 1 - Þingskjal nr. 1

Fjárhagsáætlun 2024

	Skýr.	Áætlun 2024	Áætlun 2023	Raun 2022	Raun 2021
Rekstrartekjur:					
Styrkir og framlög	1	118.064.905	81.185.550	131.353.553	108.444.304
Innlend mót og sýningar	2	37.090.000	44.910.500	35.438.100	32.218.050
Alþjóðleg mót og sýningar	3	162.755.000	23.142.000	147.221.899	63.676.346
Námskeið og fræðsluefni	4	13.700.000	12.200.000	11.576.500	13.530.000
Leyfiskerfi	5	25.000.000	23.234.500	24.207.850	12.145.150
Aðrar tekjur	6	5.100.000	678.038	3.908.172	3.875.159
Fimleika events ehf.		7.000.000	33.420.911	5.942.305	0
Rekstrartekjur samtals		368.709.905	218.771.498	359.648.379	233.889.009
Rekstrargjöld:					
Rekstrargjöld	7	92.701.817	84.790.851	89.184.581	80.797.825
Innlend mót og sýningar	8	28.100.000	35.339.307	27.540.451	27.191.946
Alþjóðleg mót og sýningar	9	236.369.500	53.075.770	212.619.491	132.077.055
Námskeið og fræðsluefni	10	7.950.000	9.371.950	8.605.203	10.061.802
Leyfiskerfi		0	0	0	0
Önnur gjöld		4.000.000	0	3.343.328	0
Afskriftir		0	0	715.000	0
Fimleika events ehf.		5.000.000	27.093.080	4.059.405	1.520.000
Rekstrargjöld samtals		374.121.317	209.670.958	346.067.459	251.648.628
Rekstrarhagnaður fyrir fjármagnsliði		(5.411.412)	9.100.541	13.580.920	(17.759.619)
Fjáreignatekjur og (fjármagnsgjöld):					
Vaxtatekjur		1.440.000	157.500	658.003	161.816
Vaxtagjöld og bankakostnaður		(150.000)	52.500	(140.432)	(60.507)
Gengismunur		(400.000)	1.207.500	(571.341)	1.312.108
Hreinar fjármunatekjur		890.000	1.417.500	(53.770)	1.413.417
Skattar ársins		0	0	0	0
Hagnaður ársins		(4.521.412)	10.518.041	13.527.150	(16.346.202)



Fjárhagsáætlun 2023 - 2024

1. Styrkir og framlög	2024	Áætlun 2023	2022	Raun 2021
Ríkisstyrkur ÍSí	3.500.000	3.400.000	3.420.000	3.420.000
Útbreiðslustyrkur ÍSí	5.934.905	3.000.000	5.652.290	5.387.415
Afrekssjóður ÍSí	68.000.000	50.000.000	64.724.775	56.050.000
Lottó	24.000.000	24.615.550	22.921.573	27.382.326
Ólympíusamhjálp, YOG/OG ofl.	1.500.000	0	1.688.539	0
Samstarfsaðilar	10.000.000	0	4.643.730	3.542.569
Fimleikasjóður	130.000	170.000	139.000	224.000
Aðrar tekjur	5.000.000	0	28.163.646	12.437.994
Styrkir og framlog samtals	118.064.905	81.185.550	131.353.553	108.444.304
2. Innlend mót og sýningar	2024	Áætlun 2023	2022	Raun 2021
FSÍ Mót	25.000.000	26.702.500	24.213.100	17.849.050
Önnur mót	0	0	0	0
Framlag aðildarfélaganna	12.000.000	18.088.000	11.165.000	13.909.000
Samstarfsaðilar	0	0	0	300.000
Aðrar tekjur	90.000	120.000	60.000	160.000
Innlend mót og sýningar samtals	37.090.000	44.910.500	35.438.100	32.218.050
3. Alþjóðleg mót og sýningar	2024	Áætlun 2023	2022	Raun 2021
Áhaldafimleikar	9.670.000	8.082.000	5.011.236	3.090.000
Hópfimleikar	15.885.000	500.000	16.408.142	5.185.000
Fimleikar fyrir alla	41.000.000	0	31.742.440	606.000
Framlag aðildarfélaganna	95.200.000	14.560.000	91.805.000	53.970.000
Aðrar tekjur	1.000.000	0	2.255.081	825.346
Alþjóðleg mót og sýningar samtals	162.755.000	23.142.000	147.221.899	63.676.346



4. Námskeið og fræðsluefni	Áætlun		Raun	
	2024	2023	2022	2021
Þjálfaranámskeið	3.000.000	8.000.000	1.920.000	2.475.000
Dómanámskeið	6.000.000	0	5.915.500	0
Önnur námskeið	700.000	525.000	696.000	0
Framlag aðildarfélaganna	3.000.000	3.675.000	3.045.000	6.055.000
Aðrar tekjur	1.000.000	0	0	5.000.000
Námskeið og fræðsluefni samtals	13.700.000	12.200.000	11.576.500	13.530.000

5. Leyfiskerfi	Áætlun		Raun	
	2024	2023	2022	2021
Kopar leyfi	10.000.000	8.080.000	9.603.200	11.714.150
Brons leyfi	3.500.000	2.808.000	3.343.000	0
Silfur leyfi	8.250.000	9.849.000	8.178.250	0
Gull leyfi	1.800.000	1.785.000	1.744.400	0
Þjálfaraleyfi	1.450.000	712.500	1.339.000	431.000
Leyfiskerfi samtals	25.000.000	23.234.500	24.207.850	12.145.150

5. Aðrar tekjur	Áætlun		Raun	
	2024	2023	2022	2021
Félagaskipti	100.000	77.175	110.000	67.500
Aðrar tekjur	5.000.000	600.863	3.556.581	1.465.669
Aðrar tekjur erlendar	0	0	241.591	2.341.990
Sjónvarpsréttur	0	0	0	0
Aðrar tekjur samtals	5.100.000	678.038	3.908.172	3.875.159



5. Rekstrargjöld	Áætlun		Raun	
	2024	2023	2022	2021
Laun og launatengd gjöld	80.831.817	75.707.878	79.921.283	70.807.368
Hugbúnaðarkostnaður	1.700.000	1.378.224	1.670.996	1.613.233
Markaðsstarf	50.000	0	5.000	122.755
Prentun og ritföng	50.000	105.000	45.700	82.407
Símakostnaður	600.000	325.500	576.092	309.995
Internetkostnaður	600.000	483.000	565.543	452.572
Samstarfsaðilar	0	0	0	0
Ferðakostnaður - FFA - UEG - FIG - Skrifstofa	0	0	0	0
Bókhaldskostnaður/ráðgjöf	2.500.000	1.500.000	196.850	1.860.000
Menntun starfsfólks	100.000	210.000	60.903	0
Gjafir	700.000	449.000	669.244	877.417
Uppskeruhátið	700.000	415.000	698.302	120.540
Þing	400.000	330.750	303.476	377.924
Fundarkostnaður	400.000	501.000	288.049	519.500
Tölvur og tæki	800.000	500.000	1.076.833	666.086
Húsaleiga	2.800.000	2.520.000	2.745.216	2.495.652
Tryggingar	120.000	115.500	20.226	259.829
Annar kostnaður	350.000	250.000	340.868	232.547
Rekstrargjöld samtals	92.701.817	84.790.851	89.184.581	80.797.825
Laun og launatengd gjöld FSÍ	80.831.817	75.707.878	79.921.283	70.807.368
Laun - önnur svið en stjórnunarsvið	(49.500.000)	(49.985.766)	(48.543.854)	(42.894.857)
Laun stjórnunarsviðs samtals	31.331.817	25.722.112	31.377.429	27.912.511



6. Innland mót og sýningar	2024	Áætlun 2023	2022	Raun 2021
Dómarakostnaður	10.000.000	10.316.250	9.952.691	7.460.000
Hlutur félaga í mótgjöldum	3.000.000	3.363.687	2.909.337	2.470.750
Afsláttur mótshaldara af mótgj.	800.000	1.001.000	788.650	715.000
Verðlaun	1.500.000	1.920.370	1.618.080	1.179.723
Annar mótakostnaður	100.000	50.000	441.804	937.489
Húsaleiga	12.000.000	18.088.000	11.165.000	13.909.000
Tölvukostnaður	700.000	550.000	664.889	519.984
Ritföng/prentun	0	50.000	0	0
Flutningskostnaður	0	0	0	0
Annar kostnaður	0	0	0	0
Innland mót og sýningar samtals	28.100.000	35.339.307	27.540.451	27.191.946
Skipting launa vegna mótahalds	11.000.000	10.315.621	10.822.674	10.966.520
Innland mót og sýningar - skipting	39.100.000	45.654.927	38.363.125	38.158.466

7. Alþjóðleg mót og sýningar	2024	Áætlun 2023	2022	Raun 2021
Pátttökugjöld	11.040.500	699.170	13.749.268	3.413.731
Flug	41.890.000	7.557.000	24.977.274	15.512.837
Hótel	37.472.500	10.126.800	37.408.530	20.005.681
Búningakostnaður	5.060.000	1.500.000	4.941.903	6.837.315
Sjúkrakostnaður	220.000	60.000	16.520	1.281.511
Ferðakostnaður	6.006.500	1.742.500	4.263.129	1.082.184
Matur	7.603.000	4.314.000	5.212.379	2.051.962
Tryggingakostnaður	1.474.000	976.000	742.368	435.089
Laun landsliðsþjálfara	14.170.000	3.305.000	14.105.000	10.964.000
Hæfileikamótun	4.000.000	3.250.000	3.512.947	7.690.497
Fagteymi	6.523.000	3.745.300	9.139.733	7.060.396
Styrkir	4.500.000	1.000.000	2.538.006	1.450.000
Aðstaða	95.200.000	14.560.000	91.823.600	53.970.000
Annar kostnaður	1.210.000	240.000	188.834	321.852
Alþjóðleg mót og sýningar samtals	236.369.500	53.075.770	212.619.491	132.077.055
Laun vegna alþjóðlegra móta og sýninga	26.500.000	26.322.568	26.149.245	17.189.157
Laun vegna fagteymis	3.500.000	3.290.321	2.905.472	1.909.906
Alþjóðleg mót og sýningar - skipting	266.369.500	82.688.659	241.674.207	151.176.118



Viðhengi 2 - Þingskjal nr. 2

HAUST 2023		
Sept	WCC SZOMBATHELY	Ungverjaland
Sept	WCC PARIS (FRA)	Frakkland
Sept	HM í áhaldafimleikum	Belgía
Sept	European Sport Congress	Spain
Okt	Norðurlandamót í hópfimleikum	Ísland
Nóv	NEM	Svíþjóð
Nóv	Elite Gym Massilia	Marseille, Frakkland
Nóv	Gymnova Cup	Belgía
Nóv	EG þing	Búlgaría

VOR 2024		
Feb	Erasmus info meeting	Brussel
Feb	AWC CAIRO	Egyptaland
Feb	AWC COTTBUS	Þýskaland
Feb	AWC DOHA	Qatar
Mars	Formanna og framkvæmdastjóra fundur Norðurlandanna	Færeyjar
Mars	FFA Colloquium	
Mars	AWC BAKU	Azerbajan
Apríl	Norðurlandamót unglunga í hópfimleikum	Svíþjóð
Apríl	NM í áhaldafimleikum Senior	Noregur
Apríl	NM í áhaldafimleikum Junior	Noregur
Apríl	EM í áhaldafimleikum Senior	Ítalía
Apríl	EM í áhaldafimleikum Junior	Ítalía
Maí	Junior Team Cup	Þýskaland
Maí	WCC VARNA	Búlgaría
Júní	Samráðsfundur framkvæmdastjóra í Evrópu	Helsingi
Júní	WCC TEL-AVIV	Ísrael
Júlí	WCC OSIJEK	Króatía
Júlí	ÓL	Frakkland
Júlí	Eurogym	Noregur
Sept	WCC SZOMBATHELY	Ungverjaland
Sept	WCC PARIS (FRA)	Frakkland
Sept	Golden Age	Búlgaría
Okt	Evrópumótið í hópfimleikum	Baku, Azerbajan
Nóv	NEM	Svíþjóð
Nóv	Elite Gym Massilia	Marseille, Frakkland
Nóv	FIG þing	Qatar
Nóv	Gymnova Cup	Belgía